

Afréttarmál - Fundur í Þingborg 23. mars 2018 klukkan 9:00

Endurskoðun á fjallskilasamþykkt Árnassýslu

Mætt: Ari Thorarensen formaður afréttarmálafélags Flóa og Skeiða, Jón G. Valgeirsson Hrunamannahreppi, Lilja Loftsdóttir Skeiða- og Gnúpverjahreppi, Kristófer Tómasson Skeiða- og Gnúpverjahreppi, Ingibjörg Harðardóttir Grímsnes- og Grafningshreppi, Þorsteinn Loftsson Hrunamannahreppi, Valtýr Valtýsson Bláskógabyggð, Eiríkur Jónsson Bláskógabyggð, Kjartan Lárusson Bláskógabyggð, og Eydís Þ. Indriðadóttir Flóahreppi sem ritaði fundargerð.

Ari setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Fyrir liggur bréf frá Atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti dags 23. október 2014 þar sem ósk um staðfestingu á Fjallskilasamþykkt fyrir Árnassýslu austan vatna er hafnað.

Í bréfi ráðuneytisins eru gerðar athugasemdir við tvær greinar í innsendri Fjallskilasamþykkt austan vatna, 10 grein og 17. grein.

10. grein fjallskil

Rætt um það fyrirkomulag sem er í gildi við innheimtu fjallskila hjá sveitarfélögunum en það hefur ekki verið samræmt milli þeirra til þessa. Fram kemur hjá flestum sveitarfélögunum að innheimta fyrir landverð er ekki sanngjörn leið eins og er því jarðir fara í endurmat þegar þeim er skipt upp. Mismunandi er hvort sveitarfélögin greiða til fjallskiladeildanna vegna leita, eða mannvirkja s.s. girðinga og rétta. Skeiða- og Gnúpverjahreppur gerði tilraun með að gefa afslátt á fjallskilagjöldum fyrir það fé sem ekki var rekið á fjall gegn því að bændur héldu búpeningnum innan girðinga í heimahögum.

Almenn hefur gengið vel að innheimta fjallskil og bent á að greiðsla fjallskila viðheldur rétti jarðanna til nýtingar á afréttarlöndum sem eru hlunnindi sem jarðareigendur þurfa að standa vörð um.

Valtýr fór yfir verklag við innheimtu fjallskila í Rangárvallsýslu sem byggir á þeirri reglu að ákveðin er föst upphæð sem innheimt er af hverju lögbýli. Það fyrirkomulag sem gengið hefur vel og án þess að nokkur óánægja hafi verið með innheimtuna. Einnig er innheimt ákveðið gjald fyrir heimafé og einnig fyrir fjallrekið fé. Verklagið er í samræmi við samþykktu fjallskilasamþykkt þannig að óeðlilegt er að ekki gildi það sama fyrir samþykkt Árnassýslu megin.

Fundarmenn eru ekki sáttir við afgreiðslu ráðuneytisins og tillaga gerð um að fá Lex lögmannsstofu til þess að gefa umsögn um ákvæði samþykktarinnar sem fjallar um innheimtu fjallskilakostnaðar. Valtý og Ara falið að fylgja málinu eftir.

17. grein – um leitartíma

Rætt um leitir og tímasetningu þeirra. Aðilar að Gnúpverja, Hrunamanna og Flóamannaafreittir þurfa að hafa samráð um leitartíma en aðilar að afrétti Grímsnes- og Grafningshrepps að hafa samráð við Laugdæli því fé gengur saman á þessum svæðum. Mikilvægt er að góður fyrirvari og samráð sé milli sveitarfélaganna um um tilfærslu á tímasetningu leita og rétta komi til þess.

Flóamenn, Skeiða og Gnúpverjar og Hreppamenn leggja til að leitað verði á afréttinum 4. – 10. september og réttir að lokinni fjallferð Skaftholtsréttir og Hrunaréttir á föstudegi en Reykjaréttir og Tungnaréttir á laugardegi.

Í Grímsnes og Grafningshreppi verði samráð við Laugdæli og leitir dagsettar 4 – 10. september og réttir verði á sunnudegi eftir fjallferð.

Lokið sé við að smala heimalönd fyrir 15. okt.

Ari tekur að sér að samræma réttardaga í einu skjali.

Önnur mál:

Jón Valgeirsson hvetur þau sveitarfélög sem eiga afréttarskála í Þjóðlendum til þess að hnitsetja lóðablöð umhverfis skálana. Mikilvægt er að þessar lóðir séu ekki of litlar í upphafi og horft til þess strax að gert sé ráð fyrir aukinni uppbyggingu og nýtingu á lóðum umhverfis skálana.

Fleira ekki gert og fundi slitið klukkan 10:45